



Ásgerður Búadóttir sýnir úrval verka í Listasafni Íslands.

Brautryðjandi í nútíma veflist


Um síðustu helgi var opnuð sýning í Listasafni Íslands á úrvali verka eftir Ásgerði Búadóttur og er sýning þessi önnur í röð nýrra sýningaraðar um starfandi íslenska listamenn.

Ásgerður hefur lengi verið í fremstu röð listamanna sem

Sýningar

stunda myndvefnað. Í verkum sínum túlkar hún kenndir sínar til landsins með svipuðum hætti og frumherjar í íslenskri list og notar eiginleika miðilsins til hins ýtrasta. Með verkum sínum hefur Ásgerður gerst brautryðjandi nútíma veflistar og hafið myndvefnað til vegs og virðingar á vorum dögum.

Ásgerður var við framhaldsnám í Listaháskólanum í Kaupmannahöfn 1946-1949. Næstu ár á eftir leitaði hún fyrir sér á ýmsum sviðum, meðal annars í grafíklistinni, en áður en hún kom heim keypti hún sér lítinn vefstól og fann sér farveg í vefnaðinum. Árið 1956 hlaut listakonan gullverðlaun fyrir verk sín á alþjóðlegri listiðnaðarsýningu í München. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 12-18.



Pablo Picasso er talinn afkastamestur málara.

Vann að list sinni í 78 ár

Pablo Picasso (1881-1973) er talinn afkastamestur allra málara. Hann vann að list sinni í 78 ár og er talinn hafa gert um 13.500 málverk eða teikningar. 100.000 steinprentanir (litógrafiur), 34.000 bókaskreytingar og 300 högg- og keramikmyndir.

Blessuð veröldin

Stærstu listasöfnin

Stærsta listasafn heims er í Vetrarhöllinni og Hermitage-safninu í St. Pétursborg í Rússlandi. Sýningarsalir eru 322 og í þeim eru 3 milljónir listaverka og fornminja og sá sem ætlar að skoða safnið þarf að arka um 24 kílómetra vegalengd. Stærsta safn nútímalistar er Pompidou-safnið í París sem opnað var árið 1977 með gólfrymi upp á 17.700 fermetra. Fjárfsterkasta listasafnið er J. Paul Getty safnið í Malibu í Kaliforníu sem var með 700.000.000 pund í stofnfé og hefur til ráðstöfunar um 60 milljónir punda á ári.

Stærsta málverk gömlu meistaranna


Stærsta málverk gömlu meistaranna er Paradís (Il Paradiso) sem Jacopo Robusti, öðru nafni Tintoretto (1518-1594), og sonur hans Domenico máluðu á austurvegg Sala del Maggior Consiglio í herzogahöllinni í Feneyjum á Ítalíu. Málverkið er 22 m langt, 7 m breitt og á því má sjá 350 manns.

Snjósmugga og hálfka á Hellisheiðinni

Það bætti heldur í snjóinn í morgun og hafa því litlar breytingar orðið á vegum. Á Hellisheiði og í nágrenni

Færð á vegum

er snjósmugga og vegir hálir. Á Vestfjörðum er verið að moka vegina um Hrafnseyrarheiði og Breiðadals- og Botnsheiði en vegurinn um Steingrímsfjarðarheiði verður hreinsaður í dag. Á Öxnadalshéið er eljagangur og hafinn er mokstur á Möðrudalsöræfum. Annars eru flestir vegir færir en þó ber að varast hálkuna sem er mjög mikil á einstaka vegum.



Hálft í hvoru á Kaffi Reykjavík:

Hugljúfar ballöður og notalegheit

Í kvöld mun hljómsveitin Hálft í hvoru hefja leik á veitingahúsinu Kaffi Reykjavík og mun hljómsveitin leika og syngja fyrir gesti hússins næstu þrjú kvöld.

Skemmtanir

Hálft í hvoru skipa nú sem fyrr Eyjólfur Kristjánsson, Ingi Gunnar Jóhannsson, Gísli Helgason og Örvar Adalsteinsson. Þeir félagar ætla að ylja fólki um hjartaræturnar með hugljúfum ballöðum og notalegheitum í kvöld og annað kvöld en setja auk þess í dans- og stuðgírinn á föstudagskvöldið. Á laugardag mun Hálft í hvoru leika á skemmtistaðnum Fossinum í Garðabæ.




Hálft í hvoru, Eyjólfur Kristjánsson, Ingi Gunnar Jóhannesson og Örvar Kristjánsson. Á myndina vantar Gísli Helgason.

Gönguferð á Álftanesi

Álftanesið er skemmtilegur gönguferðastaður í nágrenni höfuðborgarinnar, enda leita margir þangað allan ársins hring, þó ekki sé nema til að

Umhverfi

viðra sig, en þar má fara í fjölbreyttar gönguferðir og eru fjörunar á vestanverðu nesinu áhugaverðar og ekki leiðgjarnar. Þá er hægt að fara í hringgöngur og getur ein slík leið hafist við Kasthúsatjörn og má fylgja ströndinni til suðurs alveg að Melhúsum eða jafnvel Hlíði. Til baka má svo ganga eftir veginum kringum kjarna byggðarinnar eða jafnvel gegnum byggðina að upphafsstaðnum við Kasthúsatjörn. Eftir mikil brim er stundum hægt að tína öðuskeljar og oft eru þar selir að forvitnast um vegfarandann.



Systir Höllu

Litla stúlkan á myndinni fæddist á fæðingardeild Landspítalans 29. október kl. 15.30. Hún reyndist vera

2935 grömm þegar hún var vigtuð og mældist 48,5 sentimetra löng. Foreldrar hennar er Elín Sigurgeirsdóttir og Kristján Hallvarðsson. Eina systur á hún, Höllu, sem verður bráðum tveggja ára.

Barn dagsins



Tekið á móti stóra lottóvinningnum. Bridget Fonda, Nicholas Cage og Rosie Perez í hlutverkum sínum.

Lottóvinningshafar

Stjórnuþió hefur hafið sýningar rómantísku gamanmyndinni Það gæti hent þig (It Could Happen to You) sem segir frá lögregluþjóni einum í New York sem ásamt eiginkonu sinni vinnur fjórar milljónir dollara í lottói. Einn galli er á gjöf Njarðar. Sama dag hafði hann komið við í veitingahúsi, fengið sér kaffi, en ekki átt fyrir þjófnefanda gengilbeinni og í staðinn lofað henni helmingi þess sem hann ynni á lottómiðann. Eiginkonan verður alveg brjáluð yfir þessari gjafmildi eiginmannsins.

Aðalhlutverkin í myndinni leika Bridget Fonda sem leikur hina heppnu gengilbeinu, Nicholas Cage er leikur lögregluþjóninn

Kvikmyndahúsin

og Rosie Perez sem leikur eiginkonuna. Leikstjóri er Andrew Bergman, sem síðast leikstýrði Honeymoon in Vegas, en það var einmitt Nicholas Cage sem lék aðalhlutverkið í þeirri mynd.

Nýjar myndir

Háskólabíó: Isabelle Eberhart
 Laugarásbíó: Gríman
 Saga-bíó: Forrest Gump
 Bíóhöllin: Bein ógnun
 Stjórnuþió: Það gæti hent þig
 Bíóborgin: Í blíðu og stríðu
 Regnboginn: Reyfari

Gengið

Almenn gengisskráning Lí nr. 252.
 02. nóvember 1994 kl. 9.15

Eining	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	65,870	66,070	66,210
Pund	107,940	108,270	108,290
Kan. dollar	48,540	48,740	49,060
Dönsk kr.	11,2610	11,3060	11,3020
Norsk kr.	10,0980	10,1380	10,1670
Sænsk kr.	9,1540	9,1910	9,2760
Fl. mark	14,3140	14,3710	14,4730
Fra. franki	12,8660	12,9170	12,9130
Belg. franki	2,1427	2,1513	2,1482
Sviss. franki	52,9500	53,1600	52,8500
Holl. gyllini	39,3200	39,4800	39,4400
Þýskt mark	44,1100	44,2400	44,2100
It. líra	0,04284	0,04306	0,04320
Aust. sch.	6,2590	6,2900	6,2830
Port. escudo	0,4306	0,4328	0,4325
Spá. peseti	0,5284	0,5310	0,5313
Jap. yen	0,68290	0,68500	0,68240
Írskt pund	106,380	106,910	107,000
SDR	98,34000	98,83000	99,74000
ECU	83,8900	84,2300	84,3400

Símvari vegna gengisskráningar 623270.

Krossgátan

1	2	3	4	5	6	7	8
9				9			
10					11		
	12						
13		14	15				
16		17	18				
	19						

Lárétt: 1 húðar, 8 umgang, 9 hress, 10 bundni, 11 afa, 12 skammt, 13 lána, 15 föðra, 16 samt, 17 hliðsjón, 19 kvabbir.
 Lóðrétt: 1 smíðaverkfæri, 2 fljóta, 3 grind, 4 rúlluðum, 5 hafnaði, 6 bið, 7 hankana, 12 skilningarvit, 14 kerald, 16 þegar, 18 flókt.
 Lausn á síðustu krossgátu.
 Lárétt: 1 skondið, 7 líferni, 9 oka, 10 fönn, 11 kinnar, 13 krói, 15 tær, 16 næg, 18 róta, 19 ar, 20 næmir.
 Lóðrétt: 1 slökkna, 2 kikir, 3 ofan, 4 nefnir, 5 dró, 6 innræti, 8 innra, 12 atóm, 14 ógn, 17 ær.